

## 5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

Ø 20 — 32 mm	kr.	400,00
Ø 40 mm	—	550,00
Ø 50 mm	—	950,00
Ø 80 mm	—	1 900,00
Ø 100 mm	—	2 800,00

## 6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

## 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 176 stig í desember 1984 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

## 8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 60 21. febrúar 1973 með breytingum 24. janúar 1985.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1985.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

## SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Njarðvíkurkaupstað,  
nr. 120 24. janúar 1980.**

## 1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði,

er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur geng ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársgdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað,  
nr. 649 15. desember 1980.**

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársgdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.